



Þriðji fundur stjórnar HSV, starfsárið 2024-25

Haldinn 5 nóvember 2024. kl. 20:00.

Fundurinn var haldinn á kaffistofu Ístækni við Sindragötu.

Mættir: Sigurður Jón Hreinsson, Sif Huld Albertsdóttir, Anton Helgi Guðjónsson, Magnús Þór Bjarnason, Páll Janus Þórðarson og Hafsteinn Már Andersen.

1. Formaður setur fundinn en á dagskrá eru sjö atriði og svo önnur mál.
2. Úthlutun lottótekna til aðildarfélaga HSV.  
Ræddar reglur og annað. Sigurður útskýrir þær reglur sem er verið að fylgja við úthlutun og einstaka frádráttarþætti í útreikningunum. Er undirbúningi að mestu lokið og útborgun áætluð í næstu viku.
3. Tímatafla íþróttamannvirkja.  
Sigurður upplýsir fundinn um að bæjarstjóri hafi óskað eftir, að formaður HSV fundi með Nanný Örnú Guðmundsdóttir formanni íþrótt- og tómstundaráðs Ísafjarðarbæjar og Dagný Finnbjörnsdóttir íþrótt- og tómstundafulltrúa Ísafjarðarbæjar, vegna málsins.  
Af því tilefni vill stjórn HSV áréttta kröfu sína frá 12. September, um að það sé skýlaus krafa að tímatoöflur í íþróttahúsunum verði unnar upp á nýtt með sanngjarnari hætti og með samanburði við töflur síðustu ára. Þá þarf einnig að snúa til baka með lengd æfingatíma og færa þá aftur í 50 mínútur, til að fjölga tímum, sem er ein megin ástæða óánægjunnar. Þá vill stjórn HSV minna á að vinnulag við umrædda tímaúthlutun er ekki í samræmi við samstarfssamning HSV og Ísafjarðarbæjar.
4. Formannafundur HSV  
Kominn er tími á að halda með formönnum aðildarfélaga HSV. Ákveðið að boða til fundar fimmtudaginn 14. nóvember kl 20:00 og verður hann haldinn á kaffistofu Ístækni. Formaður sendir út fundarboð.
5. Formannafundur ÍSÍ  
Boðið hefur verið til formannafundar ÍSÍ og mun hann fara fram á höfuðborgarsvæðinu þann 22. nóvember.  
Formaður mun mæta á fundinn fyrir hönd HSV. Dagskrá fundarins verður send út fljótlega og gefst stjórnarmönnum færi á að koma með ábendingar um atriði sem kunna að verða til umræðu, á spjallþræði stjórnar.
6. Erindi frá hestamannafélaginu Hendingu  
Á dögnum barst erindi frá Hestamannafélaginu Hendingu, þar sem stjórn HSV er upplýst um þau áform stjórnar Hendingar að rifta rammamningi félagsins við



Ísafjarðarbæ, sem undirritaður var 19 júní 2017, vegna stórfelldra vanefnda Ísafjarðarbæjar.

Lagt fram til kynningar. Stjórn HSV vill áréttta að það er eðlileg krafa að staðið sé við gerða samninga.

7. Sjóðir HSV – Afrekssjóður – Búnaðarsjóður – Þjálfarasjóður

Hafsteini falið að taka saman minnisblað fyrir stjórn um úthlutunarreglur sjóðanna ásamt því að skoða hvaða upphæðir eru til ráðstöfunar í hverjum sjóð fyrir sig. Sif falið að semja auglýsingu fyrir umsóknir. Nýta þarf nóvember í að auglýsa og úthluta styrkjum úr viðkomandi sjóðum.

8. Rekstur HSV í nýju umhverfi.

Tekið samtál um hvað stjórnarmönnum finnst um þann nýja veruleika sem HSV býr við, verandi án starfsmanns. Stjórnarmenn sammála um að yfirsýn skorti yfir rekstur félagsins ásamt því að það gerist oft að erindum sem berast HSV er ekki svarað. Töluverðrar óánægju gætir meðal stjórnarmeðlima vegna breytingarinnar og vilja sumir jafnvel meina að verið sé að leggja niður héraðssambandið með þessari breytingu.

9. Önnur mál

- Stjórnarmenn sammála um að það vanti það samtál sem tekið var í Húsafriðunarnefnd á sínum tíma. Þeir sem málið varðar þurfa að setjast niður og finna úr út “tímatöflumálinu”.  
Stjórn HSV óskar eftir því að fá til sín á fund, aðila frá þeim þremur íþróttagreinum sem mest nýta íþróttahúsin, handknattleiksdeild Harðar, körfuknattleiksdeild- og blakdeild Vestra, þar sem rætt yrði um leikreglur við niðurröðun tíma og lausnir til framtíðar.
- Endurskoðun á úthlutunarreglum styrkja. Nefnt var að kominn væri tími á endurskoðun á ýmsum af þeimreglum sem gilda um úthlutun styrkja, td úr afrekssjóði, þar sem reglur eru klárlega að mismuna íþróttagreinum.
- Endurskoðun á íþróttaskóla Ísafjarðarbæjar (gamli íþróttaskóli HSV). Ábendingar frá íþróttafélögum um að fara þurfi yfir framsetningu á íþróttaskólanum, tilgang og afrakstur starfsins. Hverju það er að skila til íþróttafélagana og til iðkenda. Háværar raddir eru um að starfið sé á margann hátt að skaða starfsemi íþróttafélaganna og ekki að auka þátttöku krakka og unglunga í íþóttum.  
Umræðan verður tekin upp á væntanlegum formannafund HSV.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði Páll Janus